

3. Stjórnarfundur UMSB. haldinn í Borgarnesi 22. maí kl 20.00

Mættir: Sólrún Halla, Pálmi, Guðrún, Anna Dís og Kristín.

1-2. Sambandsstjóri setur fund og ber fundargerð síðasta fundar undir atkv. -**Bókað, Samþykkt, með breytingum** .

3. Dagskrá formannafundar sem verður í félagsh. Brautartungu 6. júní. kl. 20.00. Samræma þarf reglur um íþróttamann ársins og íþróttamann Borgarfjarðar. Pálmi og Gunnlaugur Júlíusson hafa hist og farið yfir það. Eftir þá yfirferð var ákveðið að leggja til ákveðnar breytingar á 2. grein á formannafundi. Eins þarf að samræma greinar hjá afreksmannasjóði við fyrrgreindar reglugerðir. Þessar hugmyndir þarf að kynna á fundinum. Pálmi lagði til að greinin um landsliðssætin yrði felld út, illa gengur að hafa uppá þeim sem þar eru og oftast en ekki gleymist einhver. **Samþykkt var að leggja þetta til líka.**

Á formannafundi þarf að kjósa uppstillinganefnd vegna stjórnarkjörs á næsta sambandsþingi. Sunddeildin í Borgarnesi er í alvarlegri stjórnarkreppu og sú stjórn mun hætta í lok maí. Einhvernvegin þurfum við í stjórn UMSB að hvetja fólk til að vera viljugra til að setjast í stjórnir félaga og sinna þeim störfum, því það er vont ef sundiðkun eða aðrar íþróttagreinar leggjast af vegna stjórnleysis. Héraðsmót í sundi verður 23. maí og UMSB greiðir verðlaunin á því móti.

4. Fréttir af Í.S.Í þingi sem Sólrún fór á. Þar var talsvert rættum slysa og bótasjóð ÍSÍ og helst kvartað yfir því að fólk sé ekki nógu duglegt að sækja sér bætur. Annars taldi sambandsstj. þetta hafa verið ágætisþing og svo sem ekki meira um það að segja.

5. Hreyfivika 29. maí til 4. júní. sem er hluti af evrópskri lýðheilsuherferð. Upphaflega var hreyfivika á haustin en var færð til vors og núna er hún milli heys og grasa sem þykir ekki heppilegur tími hjá okkur allavega. **Pálmi er að setja saman dagskrá sem verður auglýst.**

6. Önnur mál.
*Umsókn um landsmót 50 + 2019 er farin til höfuðstöðvanna.
* Skotfélagsmálin talsvert rædd og hvernig við getum stutt þá í þessum barningi. Nú þarf íbúakosningu um hvort þeir eigi að fá land fyrir skotsvæði. **Samþykkt var að Pálmi semdi við Skotfélagsmenn um að kynna sérstaklega á formannafundinum hvar svæðið væri, hvernig þeir sæju það fyrir sér og hvaða leikreglur þeir settu sér á svæðinu.**

* Sólrún kynnti hugmynd sína að fá Unni Jónsdóttur íþróttfræðing til að taka að sér tólmstundaskólann á Varmalandi og víðar næsta vetur ásamt þjálfun og hvort UMSB og Borgarbyggð til að taka þátt í launakostnaði þess vegna.

Pálmi taldi það ekki vera neitt mál og ætlar að setja Siggu Dóru í það mál.

* Símastráumálið frá síðasta fundi. Anna Dís hefur talað við Sæmund hjá Rarik og hann vill gjarnan láta okkur fá staura og helst gefins en annars eru þeir seldir á 7500 kr + vsk.

* Sólrún fór á fund hjá fræðslunefnd í stað Pálma og ræddi þar opnunartíma íþróttamannvirkja í héraðinu. hún kynnti hreyfitækjahugmyndina og uppskar ánægju með það.

Fram kom að til stendur að skipta um gúmmíkurl á Hanneyri og Bifröst og þá er líka spurning um að skipta um dúkinn líka.

Annað ekki rætt af viti. Fundargerð bókaði Kristín Gunnarsdóttir.